

Ár 2008, föstudagurinn 1. febrúar kl. 14:00 er dómþing Áfrýjunardómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands háð á skrifstofu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í Laugardal af Jón G. Zoega, Karl Gauta Hjaltasyni og Gunnari Guðmundssyni
Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2008
Aðalsteinn Eyjólfsson
Gegn
Handknattleikssambandi Íslands

Forseti upplýsti að stjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hafi skipað Gunnar Guðmundsson Ad Hoc í dómstólinn þar sem þrír dómarar dómstólssins hafi verið vanhæfir og sá fjórði erlendis.

Lagt er fram nr. 1. Áfrýjun ásamt fylgisdögum

Mæta nú fyrir dóminn Stefán Kristjánsson ásamt Aðalsteini Eyjólfssyni og Davíð Gíslason

Tók nú til máls Stefán Kristjánsson hdl. og gerði grein fyrir kröfum áfrýjanda og sjónarmiðum um að dómstóllinn bæri að taka efnislega á þessu máli þar sem það varði Íþróttahreyfinguna miklu.

Þá tók til máls Davíð Gíslason hdl. af hálfu HSÍ og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum. Svöruðu aðilar nú nokkrum spurningum dómstóls og lögðu síðan málið í dóm. Málið er dómtekið.

Stefán Karl Kristjánsson (sign)
Aðalsteinn Eyjólfsson (sign)
Davíð Gíslason (sign)

Var nú kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Dómur:

Það er álit dómsins að mál þetta hafi ekki almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Ber því að vísa máli þessu frá áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Jón G. Zoega (sign)
Karl Gauti Hjaltason (sign)
Gunnar Guðmundsson (sign)